

## **Stjórnarfundur Félags Háskólakennara á Akureyri**

**Fimmtudaginn 18. Desember kl 11:40-12:50**

Mætt: Kjartan Ólafsson, Hafdís Skúladóttir, Arnheiður Eyþórsdóttir, Páll Björnsson  
Erlendur Steinar Friðriksson.

### **1. Mögulegar sparnaðaraðgerðir og viðbrögð FHA við þeim**

Fyrir liggur frumvarp til alþingis sem þýðir niðurskurð á fjárframlögum til HA ef það verður samþykkt. Þorsteinn rektor kallaði fulltrúa stéttarfélaganna við HA til fundar þar sem þessi mál voru rædd. Samkvæmt frumvarpinu er HA gert að spara í rekstri uppá 8,8% og er óskað eftir tillögum um hvernig best er að standa að því. Stjórn FHA fellst á það að eiga samræður við yfirstjórn H.A. um tillögur til að ná fram þeim sparnaði í rekstri skólans sem ná þarf vegna breytinga á fjárlögum. Afstaða FHA til tillagna um sparnað markast af því annars vegar að ekki þurfi að koma til uppsagna og hins vegar að ekki verði gengið að einum hópi starfsmanna umfram annan.

Rætt var m.a. um:

- a. Rannsóknamisseri og greiðslur úr vinnumatssjóði starfsmann.
- b. Greiðslur ferðakostnaðar og dagpeninga.
- c. Yfirvinnu starfsfólks.

Engar ákvarðanir voru teknar enda ekki beðið um það.

### **2. Niðurstöður úr könnun RHA á rannsóknamissinum**

Kjartan kynnti fyrstu niðurstöður úr könnun sem RHA gerði á rannsóknamissinum.

- a. Þeir sem hafa farið í rannsóknaleyfi skila að jafnaði færri stigum eftir rannsóknamissinu en fyrir það.
- b. Vantar skýrslur sem skila á eftir töku rannsóknamissis.
- c. Vantar upplýsingar um hvernig afleysing starfsmanna sem fóru í rannsóknaleyfi var í framkvæmd.

### **3. Greiðslur frá félögum í BHM**

Til skoðunar er núna tillaga um breytingar á greiðslum til BHM. Reglan hefur verið sú að greiða fyrir hvern félagsmann ákveðna upphæð. Breytingatillaga gerir ráð fyrir að hvert félag greiði ákveðna upphæð.

Hafdís Skúladóttir ritaði fundargerð